

Stefnumótun og opinn skólaráðsfundur

Á stefnumótunardegi 2025 var tekin fyrir birting námsmats og rýnt í það hversu vel nemendur og foreldrar gera sér grein fyrir námslegri stöðu og hvernig þeim finnst best að nálgast slíkar upplýsingar.

Til þess að undirbúa okkur fyrir fundinn báðum við foreldra um að svara könnun um upplifun sína. 88 foreldrar barna úr öllum árgöngum tóku þátt í könnuninni og því ber að varast að alhæfa um foreldrahópinn í heild sinni út frá niðurstöðum en þær gefa þó vísbendingu um upplifun þeirra foreldra sem svöruðu. Fundinn sótti skólaráð, réttindaráð og þeir foreldrar sem höfðu áhuga. Vel var mætt á fundinn, um 30 foreldrar umfram þá sem sátu í skólaráði og réttindaráði.

Mikill meirihluti, 91%, foreldra sem svöruðu könnuninni eru með mentor appið í símanum sínum og um 92% telja sig kunna að nálgast upplýsingar um námsmat í Mentor. Um 27% foreldra telja sig þó hafa lítinn eða engan skilning á því hvað felst í hæfnimiðuðu námsmati og um 29% foreldra telja sig hafa litla eða enga innsýn í það hvar barnið þeirra stendur í námi óháð því í hvaða árgangi barnið er.

Í opnum svörum og í umræðum foreldra, nemenda og starfsmanna á stefnumótunarfundinum kemur fram óánægja foreldra með infmentor appið sem slíkt, klikkin séu mörg, erfitt að fá góða yfirsýn, tímalínan óskýr og viðmótið á námsmatinu ruglingslegt. Einnig þykir mörgum foreldrum oft á tíðum vanta betri skýringar á því af hverju barnið fær ekki “hæfni náð” sem og hvaða verkefni eða vinnu er verið að meta. Kennarar gætu almennt verið mun duglegri að skrifa umsagnir og skýringar með matinu. Þetta gerir það að verkum að foreldrum þygi erfitt að aðstoða barnið í náminu.

Þá kemur einnig athugasemd að það sé sérstaklega krefjandi fyrir foreldra af erlendum uppruna að nálgast og skilja upplýsingar á mentor. Foreldrar sem hafa átt börn í fleiri skólum þykir ósamræmi milli skóla of mikið og þörf á að samræma notkun á kerfinu, jafnframt sé jafnvel ósamræmi á milli kennara innan sama skóla. Ótengt infmentor appinu þykir mörgum foreldrum hæfnimiðað námsmat flókið, erfitt að lesa úr því og átta sig á því nákvæmlega hvað barnið þarf að gera til að bæta sig í námi. Foreldrar kalla einhverjir eftir mælanlegra mati eins og í lestrinum sem og skýrari upplýsingar um ólíkt vægi hæfniviðmiða og námsþátta. Nemendur upplifa sumir að þeir þurfi svolítið sjálfir að kalla eftir nánari upplýsingum um námslega stöðu við kennara, nokkuð sem sumir veigri sér undan, það þurfi að þjálfar nemendur í þessu og kennarar gætu einnig oftar átt frumkvæði af þessum samtölum. Nemendur skilja námsmatið betur sjálfir eftir því sem þeir eldast og geta þá betur útskýrt stöðuna og námsmatið fyrir foreldrum. Lagt er til að bjóða foreldrum upp á meiri fræðslu um hæfnimiðað námsmat en tryggja þurfi að allir foreldrar sækji fræðsluna.

Foreldrar og nemendur ræða að þrátt fyrir að mentor sé aðgengilegri til að nálgast upplýsingar um námsmat þá fái þeir betri og nákvæmari upplýsingar í samráðsviðtölum og óformlegum samtölum við kennara (leiðsagnarnám). Nemendur ræddu sérstaklega að þeim þótti

framvindumatíð í febrúar gagnlegt til að sjá í hvað stefndi að vori. Sumir foreldrar ræða að þeir myndu vilja fá t.d. fleiri tölvupósta um námslega stöðu þar sem fram kæmu nákvæmari upplýsingar. Þetta gæti líka falið í sér að hafa framvindumat oftár á ári.

Heilt yfir sjá foreldrar og nemendur fyrir sér að reglulegri og fleiri samtöl við kennara um námslega stöðu væru gagnleg til að styðja við nemendur í námsframvindu sinni, nokkuð sem ætti að vera auðsótt með markvissu leiðsagnarnámi.

Rýnihópar nemenda

Nemendur ræddu einnig saman um birtingu námsmats í öllum árgöngum og hversu góða innsýn þeir hefðu sjálfir í námsframvindu sína.

Nemendur á yngsta stigi telja sig vita hvað þeir eiga að læra og nefna þar markmið og viðfangsefni en ekki bækurnar sem þeir vinna í. Það koma fram markmið sem snúa að bóklegu námi, lesa, skrifa o.þ.h. en einnig markmið sem snúa að því að læra að hjálpast að, hlusta, hegðun [o.fl.](#) Í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi eru þeir einnig meðvitaðir um hvað þeir eigi að læra, t.d. Nota áhöld, pússa, læra um hljóðfæri, taka þátt í hópleikjum, kafa [o.fl.](#) Nemendum finnst þeir fá þá aðstoð sem þeir þurfa, stundum frá kennaranum og stundum frá öðrum nemendum. Þeim finnst yfirleitt vera góður vinnufriður í kennslustofunni en til að gera hann enn betri gætu nemendur verið duglegri að rétta upp hönd í stað þess að kalla á kennarann. Til að vera góður námsmaður telja nemendur að þeir þurfi að hafa vinnufrið og einbeita sér. Til þess að verða sjálfir enn betri námsmenn finnst nemendum þeir þurfa að vera duglegri að læra. Flestir í árganginum vita hvernig þeim gengur í skólanum, þeir vita flestir hvað þeir kunna vel/illa, finna það á verkefnum sem eru lögð fyrir en stundum ræðir kennarinn við þá um hvað þeir þurfi að æfa betur. Margir þekktu þó ekki orðið námsmat.

Æ fleiri nemendur telja að að foreldrar þeirra viti hvernig þeim gengur í náminu eftir því sem þeir eldast. Fáir nemendur í 1.bekk vita hvað mentor er né að foreldrar þeirra fái upplýsingar um námsframvindu og ástundun þar, en eftir því sem nemendur eru eldir eru fleiri meðvitaðir um mentor og hafa jafnvel skoðað það sjálfir með foreldrum sínum. Flestir telja að foreldrar fái upplýsingar um námslega stöðu í foreldraviðtöl, tölvupóstum og símtölum frá kennurum eða stjórnendum. Sumir foreldrar spyrja börnin í lok dags og fái þannig upplýsingar.

Nemendur á miðstigi telja sig vel upplýsta um það hvernig þeim gengur í skólanum og hvað þeir þurfi að þjálfast betur. Þeir segja að þeir fái bestu upplýsingarnar um það þegar farið er yfir próf og verkefni auk þess sem kennarar leiðbeini þeim með það.

Nemendur telja að foreldrar séu meðvitaðir um námsframvindu þeirra, þeir fái upplýsingar á mentor og séu duglegir að fylgjast með. Nemendur telja sig þekkja mentor vel, þar sé hægt að skoða ástundun og námsmat. Þeim finnst þeim oftast ganga vel að skilja námsmatið á mentor en þykir hæfnitáknin og litirnir ruglingslegir og myndu frekar vilja fá bókstafi. Þeim finnst að hæfniviðmiðin gætu verið á einfaldara máli og myndu vilja fá samantekt á framvindu sinni oftár

yfir skólaárið. Einhverjir nemendur myndu vilja að það væri námsmat fyrir framkomu og hegðun í von um að það væri leiðbeinandi fyrir þá sem þurfa.

Á unglingastigi ræða nemendur að þeim finnist ruglingslegt að hæfnitáknin eru 5 kvarða en bókstafirnir 6 kvarða. Jafnframt er ábótavant hjá Mentor að litakóðarnir eru ekki samsvarandi milli hæfnitákna og bókstafa, t.d. Er C og C+ bæði gult, en C+ ætti að vera fjólublátt, á góðri leið. Nemendur benda á að sumir kennarar virðast ekki lesa rétt út úr hæfnikortunum og taka saman í hæfnieinkunn sem passar ekki við kortið, t.d. nefnir einn að hann hafi fengið B en samt verið með gult og rautt í kortinu sínu. Þetta verði til þess að þeir verða óruggari með það hvar þeir standa og hvað þeir þurfi að gera til að fá B. Nemendur myndu vilja fá oftar framvindumat yfir skólaárið til að átta sig betur á í hvað stefni í hverri grein. Þeir taka sem dæmi að í íslensku þurfi þeir sjálfir að gera grein fyrir námsframvindu sinni í við kennara, sem sé mjög gagnlegt. Þá kemur fram að í sumum greinum sé ekki uppfært námsmat nógu reglulega og jafnóðum og þá sé erfiðara fyrir nemendur að átta sig á því hvar þeir standa. Einnig nefna nánast allir nemendur að þegar þeir fá námsmat undir viðmiði, t.d. þarfnast þjálfunar eða á góðri leið, sé ábótavant að kennarar skrifi umsögn eða útskýringu með svo þeir átti sig á því hvað það var sem vantaði uppá. Mjög margir hópar segja að það vanti meira samtal við kennara um námsframvindu. Nemendur upplifa að kennarar séu mis tilbúnir í slíkt samtal og hafa á tilfinningunni að sumum kennurum finnist erfitt að útskýra og ræða námsframvindu þeirra, sem skapi óöryggi hjá nemendum. Aðrir kennarar geri þetta reglulega og mjög vel. Þá kemur einnig fram ábending um að námsmatið mætti vera á fleiri tungumálum í Mentor. Á Mentor er einnig erfitt fyrir nemendur að sjá hvaða hæfniviðið tengjast hvaða verkefni og því áriðandi að kennarar skrái það í umsögn með matinu. Nemendur nefna að hæfniviðið eru misstór og “gilda” mismikið, það sé mjög óskýrt hvað hefur meira vægi og hvaða verkefni vega þyngst.

Nemendur á unglingastigi telja sig mun upplýstari og meðvitaðri um námsframvindu sína en á miðstigi, fyrst og fremst vegna þess að á unglingastigi fylgjast þeir sjálfir mun meira með á Mentor og þurfa að taka meiri ábyrgð á eigin námi og framvindu.

Til þess að fá upplýsingar um námslega stöðu segja nemendur að þeim finnist best að spyrja kennarann, skoða Classroom eða Mentor. Nemendur á unglingastigi myndu vilja fleiri, helst regluleg, samtöl um námsframvindu við kennarana sína. Einhverjir myndu vilja fá sjónrænni útfærslu á hæfnikortinu sínu, t.d. sem skífurit.

Heilt yfir telja nemendur Álfhólsskóla sig vita hvernig þeir standa í námi en þeir væru til í að fá reglulega upplýsingar um það með markvissum hætti hvernig þeir standa og í hvað stefnir. Einnig myndu nemendur vilja regluleg og markviss samtöl við kennarana sína um námsframvindu. Þá myndu eldri nemendur vilja samræma kvarðana á hæfniviðmiðum og lokamai í A-D kvarða.